

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Ár 2017, þriðjudaginn 21. mars, var haldinn 136. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Gerðubergi og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty, Aðalheiður Frantzdóttir, Sigbór K. Ágústsson, Bergþór Heimir Þórðarson og Elísabet Ólöf Helgadóttir. Einnig voru mættir Sveinn Hjörtur Guðfinnsson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svör byggingarfulltrúa við fyrirspurn hverfisráðs um fasteignir að Vesturbergi 195 og Fýlshólum 6 sbr. 3. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. janúar 2017.
2. Lögð fram drög að auglýsingu um umsóknir í styrktarsjóð hverfisráðs 2017. Samþykkt.
3. Lagt fram erindi frá skipulagsfulltrúa um tilnefningar til fegrunarviðurkenninga fyrir lóðir fjölbýlishúsa og fyrirtækja/stofnana og vegna endurbóta á eldri húsum árið 2017.
4. Fram fer umræða um ráðstöfunarfé hverfisráðs fyrir árið 2017.

Hverfisráð Breiðholts leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Breiðholts skorar á borgarráð að endurskoða ráðstöfunarfé vegna styrkveitinga og starfsemi hverfisráðs Breiðholts fyrir árið 2017, en hverfisráði hefur borist til eyrna að ráðstöfunarfé þess verði hið sama og verið hefur mörg síðustu ár. Hverfisráð lýsir einnig yfir vonbrigðum sínum með að fyrri tillögu ráðsins um sama mál, samþykkt á 126. fundi þess í júní 2016, var ekki tekin fyrir af borgarráði. Með tilliti til stefnu Reykjavíkurborgar um virka þátttöku borgarbúa og samþykktar um starfsemi og hlutverk hverfisráða telur hverfisráð Breiðholts mikilvægt að borgarráð taki afstöðu til styrkveitinga ráðsins.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

5. Fram fer umræða um kynningu á stefnumiðum og framtíðarsýn hverfisráðs Breiðholts. Lagt til að bjóða stýrihópi Breiðholtsverkefnis og stjórnendum í hverfi á fund. Samþykkt.
6. Fram fer umræða um Breiðholtsþing sem fyrirhugað er að halda miðvikudaginn 22. mars í tengslum við hugmyndasöfnun í hverfið mitt.
7. Fram fer umræða um viðurkenningar í hverfi. Verkefnastjóra falið að útbúa tillögu um viðurkenningar og leggja fyrir næsta fund ráðsins.
8. Fram fer umræða um skipulag funda hverfisráðs.
9. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn til umhverfis- og skipulagssviðs:

Enn á ný er ljóst að gatnakerfi borgarinnar er mikið skemmt eftir veturinn og margar skemmdir sem höfðu verið framkvæmdar á síðasta ári eru komnar í ljós og mörgum stöðum eru skemmdir miklar til dæmis í

Breiðholtinu og valda þær skemmdir á bifreiðum og valda slysaættu. Hvenær verður farið í viðgerðir á gatnakerfi hverfisins og hvernig verður viðgerðum háttað. Dæmi um slæmar götur í Breiðholti eru til dæmis Rangársel á móts við Seljakirkju, Norðurfell/Suðurfell, Vesturberg, Austurberg, Arnarbakki og Jaðarsel. Fleiri götur í Breiðholti eru mikið skemmdar. Hvenær verður farið sérstaklega í ofangreindar götur?

10. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn til íþrótt- og tómstundasviðs:

Mikið hefur borið á þjófnaði á fatnaði og persónulegum eigum þeirra er sækja og nota búningasklefa íþróttahússins við Austurberg. Því er spurt: Hvernig er öryggisgæslu í húsinu háttað? Hvernig er gæslu háttað í búningasklefum karla og kvenna? Hvernig er gæslu háttað á kennslutíma þegar grunnskólar nota húsið? Hvernig er persónulegir hlutir tryggðir í húsinu? Hvort og hvernig eru börn og iðkendur tryggð fyrir tjóni sem þau kunna að verða fyrir?

Fundi slitið kl. 18.00

Nichole Leigh Mosty

Elísabet Ólöf Helgadóttir
Aðalheiður Frantzdóttir

Sigpór K. Ágústsson
Bergþór Heimir Þórðarson